

Hraun

Loftur Jónsson skráði.

Jörðin Hraun í Grindavík á land að Ísólfskála og Krýsuvík að austan,
Vatnsleysuströnd að norðan og Þórkötlustöðum að vestan. Bærinn stendur við sjó
utarlega við **Hraunsvík** (1) að vestanverðu.

Eftirfarandi hjáleigur voru í Hraunslandi: **Vatnagarður** (2) syðst í túninu. Þar bjó eitt
sinn ekkja á 17. öld og hafði allt upp í 8 kýr þegar flest var. **Bakkar** (3) (eða **Litla-
Hraun** (4)) norðan núverandi túns. **Sunnuhvoll** (5) norðvestan við Hraun og
Hrauntún (6) þar vestur af. Óljósar sagnir eru um hjáleiguna **Draugagerði** (7) vestur
við túnhlið. Þar stóðu fjárhús sem elstu menn muna.

Örnefni sem mér eru kunn í landi Hrauns eru eftirfarandi: Með sjó er **Markabás** (9)
vestast. Hann er austan við svonefnd **Slok** (10) og skiptir löndum á milli
Þórkötlustaða og Hrauns. Austan við Markabás er **Hádegistangi** (11).
Hádegisklettur (12) er þar ofan og sunnan við. Hann hét öðru nafni **Klofaklettur**
(13), tvær strýtur voru upp úr honum en önnur er nú brotin af fyrir mörgum áratugum.
Þetta var hádegismark frá gamla bænum á Hrauni. Þar norðan við er **Skarfatangi**
(14). Það er smátá sem skagar út í sjóinn en fer í kaf á flóði. Magnús Hafliðason segist
muna eftir grasi á Skarfatanga og þegar hann var ungur hafi gamlir menn sagt sér að
grasbakki hafi verið á Skarfatanga. Skip hafa strandað sitt hvoru megin við
Skarfatanga. Franski togarinn Cap Fagnet að sunnan og kútturinn Hákon að
norðanverðu. Víkið norðan við Skarfatanga heitir **Vatnagarður** (15) og sama nafn ber
syðsti hluti túnsins þar upp af. Sker út af Vatnagarði kemur aðeins upp úr á
stórstreymisfjöru og er kallað **Klobbasker** (16). Sagt er að það hafi komið upp þegar
bænahús var aflagt á Hrauni (sennil. Á 17. öld). Gamla sundið lagðist þá einnig af.
Vatnstangi er norðan við Vatnagarð. Þar rennur fram ferskt vatn. Fast norðan
Vatnstanga er **Suðurvör** (17) og var þar aðallending á Hrauni. Norðan við Suðurvör
er sker og var farið fast með því þegar lent var og var það nefnt **Rolla** (18).
Norðurvör (19) er í þröngum klöppum þar norður af og þar var aðeins hægt að lenda

í mátulega sjávuðu. **Baðstofa** (20) er stór klöpp fast fyrir norðan Norðurvör. Þar norður af er **Bótin** (21) og þar var nyrsta lendingin. Þaðan var hægst að fara út í vondu. Efst í Bótinni er klettur sem fer í kaf á flóði og heitir **Barnaklettur** (22). Þar áttu að hafa flætt og síðan drukknað tvö börn.

Túnið upp af Bótinni er nefnt **Sauðagerði** (23). **Bóndagerði** (24) var líka til í túninu en er komið undir kamp fyrir löngu síðan. Önnur örnefni eru ekki kunn í túninu.

Skeljabót (25) er næst fyrir norðan Bótina. Þar eru klappir sem nefndar eru **Skeljabótarklappir** (26). **Vondafjara** (27) er þar fyrir norðan. Síðan kemur **Hrólfsvík**, **Efri-** (28) og **Fremri-** (29) með skeri á milli. Í Hrólfsvík strandaði breskur togari (Luis). Upp af Efri-Hrólfsvík er grjóthrúga og kölluð **Ræningjabæli** (30). Þar gróf dr. Kristján Eldjárn þegar hann var þjóðminjavörður og taldi hann að þetta hafi verið enskur verslunarstaður.

Hvalvík (31) er norðan við Hrólfsvík. **Hvalhóll** (32) er á kampinum milli þeirra. Fram undan hamrabelti ofan Hvalvíkur er stór klettur laus við landið og heitir **Skarfaklettur** (33). Hellir í hamrabeltinu rétt ofan Skarfakletts heitir **Dunkhellir** (34). Hann er nú að mestu fullur af grjóti. Fjaran undir Festarfjalli heitir **Hraunssandur** (35). **Skora** (36) hét rauf í bergið fyrir norðan Dunkhelli en er nú horfin. Stígurinn var gata niður á sand og var hún upp við fjallsræturnar. Þar er nú bílfært niður. Klettarani skagar fram á sandinn og heitir **Vestrinípa** (37). **Eystrinípa** (38) er töluvert austar og skilur hún á milli Hraunsands og Skálasands og þar af landamerki. Ekki er hægt að komast fram hjá þessum klettum nema þegar lágsjávað er. Við Eystrinípu er áberandi lóðrétt blágrýtisstuðlabergslag í berginu kallað **Festin** (39). Þjóðsaga segir þetta vera gullhálsfesti tröllkonu sem bjó í fjallinu. Hún lét svo um mælt að þegar ábúendum á Hrauni tækist að láta dóttur heita í höfuð sér og stúlkan gengi á sandinum þarna fyrir neðan mundi festin falla um háls henni. Þetta virðist ekki hafa tekist enn.

Festarfjall (40) er fyrir botni Hraunsvíkur. Í daglegu tali er það kallað **Festi** (41). Norðan við Festi og á milli fjallsins **Hrafnshlíðar** (42) er **Siglubergsháls** (43). **Skökugil** (44) heitir gil með grasgeira í suðvestan í Hrafnshlíð. Þar ofar í hlíðinni heitir **Vondaklif** (45). **Djúpidalur** (46) er norðaustan í Hrafnshlíð.

Vestan við Hrafnshlíð er **Fiskidalsfjall** (47). Þar sem fjöllin mætast er Skökugil að framan en að norðan er djúpt gil eða geil inn á milli fjallanna og heitir **Svartikrókur** (48). Við rætur Fiskidalsfjalls að norðan var mikið af stórum björgum sem hrunið höfðu úr fjallinu en eru nú farin, voru notuð við byggingu hafnargarðs í Grindavíkurböfn. Þetta var kallað **Stórusteinar** (49). Framan í fjallinu að austanverðu eru grasbrekkur sem kallaðar eru **Hálsgeirar** (50) og grasbrekka að vestanverðu heitir **Berjageiri** (51).

Húsafell (52) er vestan við Fiskidalsfjall. Skarð á milli fellanna er einungis nefnt **Skarð** (53). Grasbrekkur framan í Húsafelli heita: **Langigeiri** (54) og er austast; **Djúpigeiri** (55), **Litli-Skotti** (56) og **Stóri-Skotti** (57) er vestast. Kvos upp á Húsafelli fyrir ofan Stóra-Skotta heitir **Húsafellsdalur** (58). Austur af hrauninu framan við Húsafell er hellisskúti sem nefndur er **Guðbjargarhellir** (59). Hann er kenndur við Guðbjörgu ömmu Magnúsar Hafliðasonar en hún hafði þarna afdrep í leiðindum sínum fyrst eftir að hún kom að Hrauni.

Vatnsheiði eru ávalar bungur norðan við Húsafell. Þetta eru þrjár meginbungur og heita **Fremstahæð** (60), **Miðhæð** (61) og **Innstahæð** (62). Vatn er í toppi Innstuhæðar en það er nafnlaust og engin örnefni eru þarna. Landamerki Hrauns og Þórkötlustaða eru um hæstu bungu Innstuhæðar frá hól á **Hraunsleiti** (63) framan við **Hraunsleyni** (64). Úr Innstuhæð eru landamerkin í norðaustur í svonefnda **Vatnskatla** (65) í Fagradalsvatnsfelli.

Austast í Siglubergshálsi eru móbergshnúkar og heita **Móklettur** (66). Landamerki Hrauns og Ísólfskála eru úr Eystrinípu í Festi og í norðurhnúk Mókletta. Þar er merki klappað í móklöpp. Þaðan eru merkin í miðja suðuröxl **Borgarfjalls** (67). Síðan ber landeigendum ekki saman um landamerki. Eigendur Hrauns segja þau í vörðu á **Núphlíð** (68) og síðan norður í **Sogaselsdal** (69). Eigandi Ísólfskála segir þau úr öxl Borgarfjalls og í **Selsvallafjall** (70) og þaðan í Sogaselsdal.

Borgarfjall er eiginlega fremsti hluti **Fagradalsfjalls** (71) en Fagradalsfjall er eitt stærsta fjall á Reykjaneskaga. Á milli Borgarfjalls og Mókletta er **Borgarhraun** (72). Vinkillaga flatlendi framan við Fagradalsfjall heitir **Nátthagakriki** (73). **Einbúi** (74)

er þar nokkuð stór stakur hóll. **Selskál** (75) er grasbrekka framan í Fagradalsfjalli. **Trippalágar** (76) er graslendi á milli Borgarhrauns og Beinavörðuhrauns og nær fram að Móklettum. Vestan við Trippalágar við hraunjaðarinn á Beinavörðuhrauni er **Bleikshóll** (77). **Kast** (78) er fell sem gengur út úr Fagradalsfjalli að suðvestan. **Görn** (79) heitir skarðið á milli og nær hún alla leið inn í Innstadal. **Stóragil** (80) er uppi á fjallinu fyrir ofan Innstadal. Norður af Kasti eru allháir grasgeirar í fjallshlíðinni og heita **Fremstidalur** (81), **Miðdalur** (82) og **Innstidalur** (83). Þetta eru ekki raunverulegir dalir heldur brekkur og kvosir.

Hraunið vestur af Kasti heitir **Beinavörðuhraun** (84) og nær fram að Hrafnshlíð, Fiskidalsfjalli og **Vatnsheiði** (85). Norður á móts við áður getinna er hraunið mikið sléttara með stórum mosapembum og heitir þar **Dalahraun** (86). Í Dalahrauni eru tveir hólar með nokkru millibili og heita **Innri-Sandhóll** (87) og **Sandhóll** (88) sem er hærri og sunnar. Gömul gata inn með Fagradalsfjalli að vestan og allt til Voga heitir **Sandakravegur** (89). Norðan við hraunið eru **Nauthólaflatir** (90) og ná þær upp að Fagradalsfjalli. **Dalssel** (91) heitir innst með fjallinu fyrir norðan Nauthólaflatir. Austast á Nauthólaflötum er hóll sem heitir **Nauthóll** (92). Vestan flatanna er uppblásið land, nú aurmelar, kallað **Aurar** (93) en hét áður fyrr **Fagridalur** (94) og er svo nefnt á korti. Nyrsti hluti Fagradalsfjalls heitir Fagradalsvatnsfell og er í landi Þórkötlustaða. Þar norður af er **Fagradalshagafell** (95), lítt áberandi að norðanverðu. Vatnskatlar uppi á Fagradalshagafelli eru landamerki á milli Hrauns og Þórkötlustaða. Eitthvað af nefndum örnefnum vestan Fagradalsfjalls að innanverðu gætu verið í landi Þórkötlustaða.

Uppi á Fagradalsfjalli er hæsti hnúkur á norðausturhorninu og heitir **Langhóll** (96). Að suðaustan er annar hnúkur og heitir sá **Stórhóll** (97).

Austan undir Borgarfjalli og á milli þess og **Langahryggs** (98) er **Nátthagi** (99). Þetta er nokkuð breitt skarð á milli fjallanna og við suðurenda þess er **Drykkjarsteinsdalur** (100). Austan undir Fagradalsfjalli og norðan við **Nátthagaskarð** (101) og í austur frá Stórhól er smáás og heitir Nátthagaskarð. Þar norður af eru **Geldingadalir** (102). Smádalkvosir grónar nokkuð. Þar er sagt að Ísólfr, fyrsti ábúandi á Ísólfskála, sé grafinn og hafi hann viljað láta grafa sig þar sem geldingarnir hans höfðu það best.

Norðaustur frá Langhól er lítið fell fast við Fagradalsfjall sem heitir **Kálffell** (103). Norð-norðaustur af Langahrygg er **Stóri-Hrútur** (104) og síðan þar norður af **Meradalir** (105). Þetta eru gróðurlitlar leirflatir. Þar norður af eru **Meradalshlíðar** (106) og vestur frá þeim er **Kistufell** (107) í austur frá Langhól. Norður af Meradalshlíðum er **Litli-Hrútur** (108) og þar norður af er **Litli-Keilir** (109).

Þaðan í norðaustur er **Keilir** (110), alþekkt fjall. Austan undir Kistufelli er smáhryggur sem nefndur er **Rjúpnahryggur** (111). Þarna eru víðast hraun á milli fjallanna og örnefnalaust.

Suðaustan og framan í Langahrygg eru **Lyngbrekkur** (112) og þar framan við er **Stóri-Leirdalur** (113). Austan við Langahrygg eru **Einihlíðar** (114). Þetta eru ávalar, gróðurlitlar bungur en hafa sjálfsagt verið vel grónar þegar þær hlutu nafn. **Litli-Leirdalur** (115) er framan við Einihlíðar að vestan og hlíðin þar austur af, þar sem gamli Krýsuvíkurvegurinn liggur upp, heitir **Brattháls** (116) (**Skyggfir** (117)). Litli-Hrútur heitir nyrsti hluti Einihlíða. **Þverbrekkur** (118) heita grasigrónar brekkur nyrst í Litla-Leirdal.

Skarðið á milli Langahryggs og Einihlíða heitir **Hrútadalur** (119) og við hann eru **Hrútadalsbörð** (120). Austan í Einihlíðum eru allmiklar grasigrónar kvosir og heita **Bratthálskrókur** (121) sú fremri og **Einihlíðarkrókur** (122) sú innri. Sandurinn þar norður af inn með Einihlíðum heitir **Einihlíðasandur** (123).

Austan við Einihlíðar er hraun sem heitir **Leggjarbrjótshraun** (124). Austan við það er allhátt fjall sem heitir **Höfði** (125) og þar norðan við aðskilið af smáskarði er **Sandfell** (126). Um þetta skarð og austan við Sandfell er reiðgatan frá Grindavík til Selsvalla. Austan við Höfða er hraun og heitir það **Grákvíguhraun** (127). Það nær austur að Núpshlíðarhálsi. Norðar heitir það **Skolahraun** (128) (eldra nafn **Þráinsskallahraun** (129)) og nær þessi hraunfláki alla leið inn að Hafnarfirði. Í þessu hrauni suðaustur af Keili er **Driffell** (130).

Austan við þetta hraun er mikill fjallarani og skilur hann land á milli Krýsuvíkur, Ísólfskála og Hrauns. Er hann ýmist nefndur **Núpshlíðarháls** (131) eða **Vesturháls** (132).

Selsvellir (133) eru grasi grónir vellir vestur undan Vesturhálsi. Heitir fjallið þar upp af Selsvallafjall. Á einum stað að sunnanverðu nær hraunið upp að fjalli og heitir þar **Þrengsli** (134). Þar fyrir sunnan eru tættur af gömlu seli frá Hrauni og heitir þar **Hraunsel** (135). Nyrsti hluti Selsvalla heitir **Kúalágar** (136) og þar var hver sem hét Hverinn eini en hann tók af í jarðskjálftum 1910. Þar upp af er hæsti hluti Vesturháls og heitir **Trölladyngja** (137) (venjulega nefnt **Dyngja** (138)). Norðaustan við Kúalágar eru **Grænavatnseggjar** (139) og þar upp á fjallinu er **Grænavatn** (140) í djúpri kvos. Á Selsvöllum er lækur nefndur **Selsvallalækur** (141). Hálsinn á milli Kúalága og Höskuldarvalla heitir **Bergsháls** (142).

Loftur Jónsson [sign.].

Stafrófsskrá örnefna

Aurar 93=94

Baðstofa 20

Bakkar 3=4

Barnaklettur 22

Beinavörðuhraun 84

Bergsháls 142

Berjageiri 51

Bleikshóll 77

Borgarfjall 67

Borgarhraun 72

Bóndagerði 24

Bót 21

Brattháls 116=117

Bratthálskrókur 121

Dalahraun 86

Dalssel 91

Djúpidalur 46

Djúpigeiri 55

Draugagerði 7

Driffell 130
Drykkjarsteinsdalur 100
Dunkhellir 34
Dyngja 138
Efri-Hrólfsvík 28
Einbúi 74
Einihlíðar 114
Einihlíðarkrókur 122
Einihlíðarsandur 123
Eystrinípa 38
Fagradalsfjall 71
Fagradalshagafell 95
Fagridalur 94=93
Festarfjall 40=41
Festi (kk.) 41=40
Festi (kvk.) 39
Fiskidalsfjall 47
Fremri-Hrólfsvík 29
Fremstahæð 60
Fremstidalur 81
Geldingadalir 102
Grákvíghraun 127
Grænavatn 140
Grænavatnseggjar 139
Guðbjargarhellir 59
Görn 79
Hádegisklettur 12=13
Hádegistangi 11
Hálsgeirar 50
Hrafnshlíð 42
Hraun, Litla- 4=3
Hraunsel 135
Hraunsleiti 63
Hraunsleynir 64

Hraunssandur 35
 Hraunsvík 1
 Hrauntún 6
 Hrólfsvík, Efri- 28
 Hrólfsvík, Fremri- 29
 Hrútaðalsbörð 120
 Hrútaðalur 119
 Hrútur, Litli- 108
 Hrútur, Stóri- 104
 Húsafell 52
 Húsafellsdalur 58
 Hvalhóll 32
 Hvalvík 31
 Höfði 125
 Innri-Sandhóll 87
 Innstahæð 62
 Innstidalur 83
 Kast 78
 Kálffell 103
 Keilir 110
 Keilir, Litli- 109
 Kistufell 107
 Klobbasker 16
 Klofaklettur 13=12
 Kúalágar 136
 Langhóll 96
 Langigeiri 54
 Langihryggur 98
 Leggjarbrjótshraun 124
 Leirdalur, Litli- 115
 Leirdalur, Stóri- 113
 Litla-Hraun 4=3
 Litli-Hrútur 108
 Litli-Keilir 109

Litli-Leirdalur 115
Litli-Skotti 56
Lyngbrekkur 112
Markabás 8
Meradalir 105
Meradalshlíðar 106
Miðdalur 82
Miðhæð 61
Móklettur 66
Nauthólaflatir 90
Nauthóll 92
Nátthagakriki 73
Nátthagaskarð 101
Nátthagi 99
Norðurvör 19
Núphlíð 68
Núpslíðarháls 131
Rjúpnahryggur 111
Rolla 18
Ræningjabæli 30
Sandakravegur 89
Sandfell 126
Sandhóll 88
Sandhóll, Innri- 87
Sauðagerði 23
Selskál 75
Selsvallafjall 70
Selsvallalækur 141
Selsvellir 133
Siglubergsháls 43
Skarð 53
Skarfaklettur 33
Skarfatangi 14
Skeljabót 25

Skeljabótarklappir 26
Skolahraun 128=129
Skora 36
Skyggnir 117=116
Skökugil 44
Slok 10
Sogaselsdalur 69
Stóragil 80
Stórhóll 97
Stóri-Hrútur 104
Stóri-Leirdalur 113
Stóri-Skotti 57
Stórusteinar 49
Suðurvör 17
Sunnuhvoll 5
Svartikrókur 48
Trippalágar 76
Trölladyngja 137
Vatnagarður 15
Vatnagarður 2
Vatnsheiði 85
Vatnskatlar 65
Vestrinípa 37
Vesturháls 132
Vondafjara 27
Vondaklif 45
Þráinsskallahraun 129=128
Þrengsli 134
Þverbrekkur 118